Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán til jarðabóta á prests-** 75
setri — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sjera Ólafi Ólafssyni, presti til Efri- 23. júní.
Holtaþinga, 300 kr. embættislán úr landssjóði uppí kostnað við jarðabætur á prestssetr-
inu Guttormshaga, og ber að ávaxta lánið með 4% á ári og endurborga það á 12 árum
með tiltölulegum hluta á ári.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Rangárvallasýslu* **útaf beiðni um** 76
frest á greiðslu vaxta og afborgana af hallærisláni veittu 1882. — Í þóknanlegu brjefi, 24. júní.
dagsettu 14. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd sýslunefndarinnar í Rangár-
vallasýslu farið þess á leit, að sýslusjóðnum verði veittur frestur til útgöngu yfirstand-
andi fjárhagstímabils með afborgun og greiðslu vaxta af láni því, sem sýslusjóðnum
hefur verið veitt úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar,
að þareð lán það, sem hjer er um að ræða, er veitt á árinu 1882, og sýslusjóðnum eptir
heimild þeirri, sem til þess var gefin í 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1884 og 1885, hefur
verið veitt með landshöfðingjabrjefi 29. nóvbr. 1884 eptirgjöf til ársloka 1885 á leigum
af láni þessu, gegn því að frá þeim tíma greiðist 4% í leigur og lánið sjálft endur-
borgist á 8 árum með 1/8 hluta á ári, þá verður ekki veitt nein frekari undanþága frá
greiðslu vaxta og afborgana af optnefndu láni, enda nær ákvörðunin í 4. gr. fjárlaganna
fyrir 1886 og 1887, um eptirgjöf á leigum af lánum úr landssjóði, aðeins til þeirra hall-
ærislána, sem veitt eru á árunum 1884 og 1885.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu* **útaf beiðni um** 77
frest á greiðslu vaxta og afborgana af hallærisláni veittu 1883. — Útaf þóknanlegu 24. júní.
brjefi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 4. marz þ. á., þarsem þjer fyrir hönd hrepps-
nefndarinnar í Staðarhreppi farið þess á leit, að hreppnum verði veitt undanþága eða
frestur um eitt ár með greiðslu vaxta og afborgunar af hallærisláni úr landssjóði, gefst
yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að þareð lán það, sem
hjer er um að ræða, er veitt sýslusjóði Skagafjarðarsýslu á árinu 1883, en ákvörðunin í
4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 um eptirgjöf eða frest með greiðslu vaxta af
lánum úr viðlagasjóði aðeins nær til þeirra hallærislána, sem veitt eru á árunum 1884
og 1885, þá brestur stjórnina að minni ætlun heimild til að veita undanþágu þá, sem
farið er fram á.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um** 78
hallærislán handa Mýrasýslu. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Mýrasýslu 350 kr. 26 júní.
hallærislán úr viðlagasjóði til að afstýra hungursneyð í Álptaneshreppi, gegn því að lánið
verði ávaxtað með 4% á ári og endurborgað á næstu 4 árum með 1/4 á ári hverju.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **viðvík-** 79
andi láni til Staðarbyggðarmýra. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra 29. júní